

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 221/2018**

2021/EES/21/14

frá 26. október 2018

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka að umfangi samstarf aðilanna að EES-samningnum þannig að það taki til tilmæla ráðsins frá 15. mars 2018 um evrópskan ramma um gæði og skilvirkni námssamninga ⁽¹⁾.
- 2) Bókun 31 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við í 8. mgr. 4. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

„– **32018 H 0502:** Tilmæli ráðsins 2018/153 frá 15. mars 2018 um evrópskan ramma um gæði og skilvirkni námssamninga (Stjtið. ESB C 153, 2.5.2018, bls. 1).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning til sameiginlegu EES-nefndarinnar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hefur farið fram (*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 153, 2.5.2018, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.